



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 149. löggjafarþing 2018 -2019. Þskj. nr. 21 – 21. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga, um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til umsagnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrrgreindur samningur verði lögfestur, en hann var fullgiltur hér á landi í október 2016. Með lögfestingu öðlast hann þau beinu réttaráhrif sem nauðsyn ber til svo hægt sé að beita honum með beinum hætti fyrir dómstólum ef á þarf að halda. Það liggur því beinast við að lögfesta samninginn svo hann hafi fullt og ótakmarkað lagalegt gildi hér á landi.

Markmið samnings er, líkt og í greinargerðinni segir, að "efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess". MRSÍ bendir á að til að ná þessum markmiðum fram við lögfestingu samningsins er nauðsynlegt að hafa samstarf og samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess, persónulega talsmenn og aðra sérfræðinga varðandi málefni fatlaðs fólks.

MRSÍ tekur undir orð flutningsmanna tillögunnar um nauðsyn þess að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn sem veitir fötludu fólki mikilvæga kæruehimild hafi það fullreynt allar leiðir innanlands til að leita réttar síns. Verður einkum að telja fullgildinguna mikilvæga í ljósi þess að undanfarið hafa innlendir dómstólar hliðrað sér við efnislegri meðferð krafna varðandi félagsleg réttindi.

MRSÍ styður þingsályktunina og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum fatlaðs fólks.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri